

## **Greinargerð um framkvæmd samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir árið 2014 hefur staðist að öllu leyti það sem af er ári og starfið gengið vel.

### **Rannsóknastarf**

Rannsóknaverkefni Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum sem áætluð voru á starfsárinu eru í fullum gangi. Mjög áhugaverðar rannsóknaniðurstöður Náttúrustofu Suðvesturlands og US Geological Survey voru kynntar í marsmánuði og meðal annars fjallað um þær í fréttum RÚV og Kastljósi. Rannsóknin sýnir að hér á landi finnast bæði evrópskir og amerískir fuglaflensuvírusar auk afbrigða þar sem vírusarnir blandast saman. Þetta er í fyrsta sinn sem vírusar af þessu tagi finnast á sama svæði á sama tíma. Sýnatökur rannsóknarinnar fóru að miklu leyti fram hér á Garðveginum og stendur rannsóknin enn yfir.

Uppbygging rannsóknastöðvar Þekkingarsetursins gengur vel og samkvæmt áætlun. Líffræðingar rannsóknastöðvarinnar hafa kynnt niðurstöður rannsókna sinna á tveimur ráðstefnum það sem af er. Unnið er hörðum höndum að því að afla stöðinni styrkja og þjónustuverkefna enda á rekstur hennar að vera orðinn sjálfbær frá og með næstu áramótum. Styrkir hafa þegar fengist úr Umhverfissjóði Fríhafnarinnar að upphæð 300.000 kr., Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar að upphæð 700.000 kr. og AVS sjóðnum að upphæð 2.400.000 kr. Allir verða þeir nýttir til reksturs stöðvarinnar á næsta starfsári.

Tvær rannsóknir á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa verið gerðar í aðstöðu Þekkingarsetursins það sem af er ári. Í lok apríl hófst verkefni um þróun eldis á Íslandi á evrópska humrinum, á vegum einkaaðila hér á landi, í Noregi og Bretlandi, og er eldisrými og rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins nýtt í það. Verkefnið mun standa yfir í að minnsta kosti tvö ár og mun Þekkingarsetrið ásamt Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum eiga aðild að því. Einn meistaranemi í líffræði við HÍ er þegar byrjaður í tengslum við humarverkefnið og verður aðal starfsstöð hans í Þekkingarsetrinu. Fyrirhugað er að sækja um rannsóknastyrki í tengslum þetta verkefni.

Þekkingarsetrið fékk í apríl 520.000 kr. styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að rannsóknarverkefni í sumar og var líffræðinemi fenginn til að sinna því. Rannsóknarverkefnið

felur í sér samanburð á gæðum frosins fisks sem annars vegar er kældur strax eftir að hann er veiddur og hins vegar fisks sem ekki er kældur en frystur innan átta klukkustunda frá því að hann er dreginn upp úr sjónum. Byggir verkefnið meðal annars á hugmyndum Garðars Magnússonar, sjómanns og skipstjóra í Njarðvík, sem unnið hefur að athugunum á ólíkum vinnsluaðferðum í gegnum veiðar og harðfisksverkun síðasta áratuginn. Verði niðurstöður mælinga eins og vonast er til er um mjög áhugaverða rannsókn að ræða.

### **Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs**

Líffræðinemar í eiturefnavistfræði og fuglafræði við Háskóla Íslands voru hér við nám í febrúar og maí. Gengu þær heimsóknir mjög vel. Þá komu líffræðinemendur úr HÍ í vel heppnaða vísindaferð í Þekkingarsetrið í byrjun árs.

Þekkingarsetrið er einn þátttakenda í verkefni Sandgerðisbæjar sem styrkt er af Comenius Regio hluta Menntaáætlunar ESB, ásamt grunnskólanum og leikskólanum í Sandgerði, Náttúrustofu Suðvesturlands, Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum og Listatorgi. Verkefnið er til tveggja ára og er finnska sveitarfélagið Mänttä-Vilppula samstarfsaðili í því. Verkefnið kallast *Development of curricula and teacher training* og snýr að þróun námskráa, kennsluefnis og þjálfunar fyrir kennara í náttúrufræðum og listgreinum. Markmið verkefnisins er að tengja saman skóla og hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki bæjarfélaganna á þessum sviðum. Annar fundur verkefnisins var haldinn í lok apríl í Finnlandi og fór forstöðumaður Þekkingarsetursins á þann fund. Vinnan gengur vel og mun hópurinn hittast aftur í febrúar á næsta ári. Með verkefninu skapast gott tækifæri til að tengja námskrár leik- og grunnskólans í Sandgerði í náttúrufræði við heimsókn í Þekkingarsetur Suðurnesja.

Þekkingarsetrið er hluti af menntateymi Sjávarklasans á Suðurnesjum, en teymið hefur fundað með fyrirtækjum í haftengdri starfsemi á undanförunum mánuðum. Aðrar stofnanir í teyminu eru Fisktækniskóli Íslands, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Keilir og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Fyrsti fundurinn fór fram í Grindavík í nóvember á síðasta ári en það sem af er þessu ári hefur hópurinn fundað bæði í Reykjanesbæ og Sandgerði, og þá í Þekkingarsetrinu. Markmið fundanna er að þessar rannsókn- og menntastofnanir kynni aðstöðu sína og þjónustu fyrir sjávarútvegsfyrirtækjum með aukið samstarf í huga. Fundirnir hafa gengið mjög vel og nokkur spennandi verkefni og samstarfsmöguleikar komið út úr vinnunni.

Codland, Keilir og Þekkingarsetur Suðurnesja gerðu í kjölfar þessara funda Sjávarklasans með sér samkomulag sem miðar að verðmætasköpun í sjávarútvegi með því að tengja saman mennta- og rannsóknastofnanir og fyrirtæki í sjávarútvegi. Samkomulagið felur meðal annars í sér aukin afnot stofnananna af rannsóknaaðstöðu hvernar annarar.

Forstöðumaður Þekkingarsetursins hefur síðan í byrjun febrúar stýrt vinnu stýrihóps á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Í hópnum sitja tíu manns, fulltrúar menntastofnana á svæðinu (FS, Fisktækniskólinn, MSS, Keilir), fræðsluskrifstofa eða fræðslunefnda sveitarfélaganna, náms- og starfsráðgjafa og verkalýðsfélaga. Verkefnið fór af stað í kjölfar úttektar á menntamálum á svæðinu sem unnin var í tengslum við sóknaráætlun Suðurnesja og þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum. Hlutverk stýrihópsins er að vinna úrbótaáætlun í menntamálum á svæðinu og leggja fyrir stjórn SSS í byrjun september næstkomandi.

Þekkingarsetrið er aðili að verkefni sem nýverið var styrkt af Vaxtarsamningi Suðurnesja. Verkefnið kallast *Fræðslutengdir möguleikar í Reykjanes jarðvangi* og er samstarfsverkefni GeoCamp Iceland, Reykjanes jarðvangs og Keilis. Verkefninu er ætlað að stuðla að uppbyggingu samstarfs fræðsluaðila, kortlagningu menntatengdra möguleika innan Reykjanes jarðvangs og undirbúningi sameiginlegra umsókna í styrki og sjóði varðandi uppbyggingu mennta- og fræðslumála innan jarðvangsins.

Þekkingarsetrið sótti í apríl síðastliðnum um formlega aðild að Reykjanes jarðvangi og var sú beiðni samþykkt af stjórn jarðvangsins í lok maí.

## **Uppákomur**

Ýmsar uppákomur hafa farið fram í Þekkingarsetrinu það sem af er ári 2014. Fyrst ber að nefna fyrsta ársfund Þekkingarsetra og sambærilegra stofnana sem haldinn var fimmtudaginn 13. febrúar. Þekkingarsetur Suðurnesja, Háskólafélag Suðurlands og Þekkingarnet Þingeyinga sáu í sameiningu um skipulagningu fundarins. Stofnanirnar sem tóku þátt eru eftirfarandi: Austurbrú, Háskólafélag Suðurlands, Háskóla­setur Vestfjarða, Þekkingarnet Þingeyinga, Þekkingarsetur á Blönduósi, Þekkingarsetur Suðurnesja og Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Allar eiga þessar stofnanir það sameiginlegt að sinna rannsóknum á hinum ýmsu sviðum og verður áhersla samstarfsins á þann þátt starfsins. Á fundinum kynnti hver stofnun starfsemi sína stuttlega, með áherslu á rannsóknahlutann, og að því loknu fóru fram almennar umræður. Fundurinn tókst mjög vel og reyndist gagnlegur.

Allir sem hann sátu voru sammála um að samstarfið væri komið til að vera. Um það leiti sem fundurinn var haldinn bættust Nýheimar í hóp þekkingarsetra og verður forstöðumaður þess því boðaður á næsta ársfund sem verður haldinn 12. febrúar 2015 í Þekkingarsetrinu á Blönduósi.

Í byrjun febrúar tóku líffræðingar Þekkingarsetursins, Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum þátt í starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum. Kynningin tókst mjög vel og vakti uppstilling þekkingarsetursins mikla athygli en þar gátu nemendur skoðað lifandi sjávardýr og kíkt á ýmsar forvitnilegar lífverur í víðsjá.

Þekkingarsetrið tók þátt í heilsu- og íþróttaviku Sandgerðisbæjar í byrjun mars með því að bjóða upp á sögugöngu um bæinn. Þá var Safnahelgi á Suðurnesjum haldin um miðjan mars og voru sýningar setursins opnar og aðgangur ókeypis. Vel yfir 300 manns heimsóttu Þekkingarsetrið þessa helgi.

Annar ársfundur Þekkingarsetursins var haldinn þriðjudaginn 6. maí. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar, ársreikning síðasta árs og starfsáætlun þessa árs.

Jarðvangsvika var haldin á Reykjanesi frá 2. - 8. júní og var Þekkingarsetrið þátttakandi í henni með opnun sýninga og viðburðar í tengslum við sýninguna *Heimskautin heilla* föstudaginn 6. júní. Þar afhenti Edda Guðmundsdóttir, ekkja Steingríms Hermannssonar fyrrverandi forsætisráðherra, málverk af franska vísindamanninum og heimskautafaranum Jean-Baptiste Charcot, til varðveislu í Þekkingarsetrinu. Málverkið var í eigu föður Steingríms, Hermanns Jónassonar, fyrrum alþingismanns og ráðherra. Málverkið er númerað og áritað af listmálaranum, sem sjálfur gaf Hermannni verkið um það leyti sem rannsóknaskip Charcot, Pourquoi-Pas? fórst við Íslandsstrendur árið 1936.

Þekkingarsetrið sótti nýverið um tvo styrki til Menningarráðs Suðurnesja og fékk þá báða. Annars vegar er um að ræða styrk að upphæð 1.000.000 kr. til reksturs sýninga og hins vegar 400.000 kr. styrk til að gera texta sýningarinnar *Heimskautin heilla* aðgengilegri börnum á formi teiknimyndasögu.

### **Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki**

Alls voru fimm símenntunarnámskeið á dagskrá í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum nú á vorönn 2014 en því miður hefur aðsókn verið dræm og þurfti að fella tvö

þeirra niður vegna lítillar þátttöku. Tvö síðustu námskeiðin, Fjöruntjar til matargerðar og Fjöruntjar – húð og hár, voru sameinuð þar sem þátttakendur voru þeir sömu, og haldin nú í júní við mjög góðar undirtektir. Stefnt er að því að halda samstarfi við MSS áfram á haustönn með nýjum námskeiðum en gera má þó ráð fyrir að framvegis verði aðeins eitt til tvö námskeið haldin á hverri önn vegna kostnaðar við framkvæmdina.

Fjöldi nemenda af öllum skólastigum hefur komið í heimsókn það sem af er ári og hafa grunnskólar verið fjölmennastir í þeim hópi eða tæplega 20 skólar af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Nokkrir leikskólar hafa verið í hópi gesta á þessum fyrstu mánuðum ársins auk nemenda frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Listaháskóla Íslands. Þá komu hingað skjólstæðingar Samvinnu auk fjölda starfsmannahópa og félagasamtaka. Vonir standa til að slíkar heimsóknir eigi enn eftir að aukast í sumar og haust.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningu fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við lok vorannar 2014.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fisktækniskólann og Keili hefur verið talsvert vegna heimsókna nemendahópa og annarra verkefna sem fjallað hefur verið um hér að ofan.

Í sumar verða aftur í boði námskeið á vegum Keilis fyrir börn á aldrinum 10-13 ára, svokölluð Tækni- og vísindasmiðja, sem Þekkingarsetrið er aðili að. Þátttakendur munu dvelja heilan dag á setrinu og leysa þar ýmis spennandi verkefni.

## **Markaðsstarf**

Mikil áhersla verður lögð á markaðssetningu rannsóknastaðstöðu Þekkingarsetursins á starfsárinu. Í byrjun ársins var kynningarmyndband á ensku unnið fyrir setrið þar sem sjónum er einkum beint að rannsóknastaðstöðunni og þjónustu rannsóknastaðvarinnar. Þá hefur verið unninn enskur kynningarbæklingur um sömu þætti og mun dreifing þessara gagna beinast að vísindamönnum, rannsóknastofnunum og háskólum. Formleg dreifing hefst með haustinu.

Í byrjun ársins var kynningarbæklingur sem sérstaklega beinist að skólum, sendur á rafrænu formi til flestra leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á landinu

Þekkingarsetrið er auglýst í nokkrum bæklingum og bókum sem beinast að innlendum og erlendum ferðamönnum, á kortum og heimasíðum. Þá tók Þekkingarsetrið þátt í ferðaþjónustukynningunni Mannamót sem haldin var í janúar. Heimasíða setursins, Facebook síða og Tumblr síða eru uppfærðar mjög reglulega með fréttum af starfsemi.



Facebook síðan og Tumblr síðan eru tengdar við síðuna [www.sudurnesjamenn.is](http://www.sudurnesjamenn.is) og birtast fréttir Þekkingarsetursins því einnig þar. Sjónvarp Víkurfrétta tók í byrjun júní upp mjög góða umfjöllun um starfsemi setursins sem sýnd var á sjónvarpsstöðinni ÍNN þann 5. júní. Viku síðar birtist svo heilsíðu umfjöllun um setrið í blaðinu sjálfu.

### **Ráðstöfun fjárframlags**

Þær breytingar hafa orðið síðan fjárhagsáætlun ársins 2014 var samþykkt að einn þriggja líffræðinga rannsóknastöðvar Þekkingarsetursins lét af störfum frá og með 1. febrúar 2014. Liður fjárhagsáætlunar um tekjur vegna útseldra verkefna rannsóknastöðvar var ætlaður til þess að ná yfir launagreiðslur þessa starfsmanns, til viðbótar við styrk ráðherranefndar um atvinnumál sem nær yfir laun hinna tveggja líffræðinganna sem ráðnir voru í byrjun árs 2013. Í ljósi þessarar breytingar er ekki þörf á því að rannsóknastöðin afli jafn mikilla tekna og/eða styrkja á þessu starfsári eins og gert hafði verið ráð fyrir, en strax á því næsta þurfa tekjur hennar að vera rúmar 10 milljónir svo að stöðin geti talist sjálfbær. Nú þegar hafa fengist 3,4 milljónir í styrki upp í þá tölu.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld á fyrstu fimm mánuðum ársins 2014, í samanburði við rekstraráætlun, má sjá á næstu blaðsíðu.

**Staða bókhalds Þekkingarseturs Suðurnesja 31. maí 2014:**

	Áætluð gjöld 2014	Áætlaðar tekjur 2014	Gjöld 1.1. - 31.5.	Tekjur 1.1 - 31.5.
Fjármagn frá Menntamálaráðuneyti		16.100.000		6.500.000
Fjármagn frá Sandgerðisbæ		4.700.000		4.850.002
Tekjur vegna útseldra verkefna rannsóknastöðvar		5.100.000		22.400
Leigutekjur vegna húsnæðis		3.600.000		1.500.000
Tekjur vegna aðstöðu		2.100.000		1.228.500
Tekjur vegna aðgangseyris og námskeiða		880.000		331.451
Styrkur frá ráðherranefnd um atvinnumál		10.000.000		5.000.000
Styrkir		1.000.000		300.000
Starfsmannasjóður og innvextir		60.000		51
Laun og launatengd gjöld	34.743.664		13.101.931	
Rekstur húsnæðis	7.091.000		2.332.007	
Rekstur skrifstofu	2.160.000		1.723.531	
<b>Samtals</b>	<b>43.994.664</b>	<b>43.540.000</b>	<b>17.157.469</b>	<b>19.732.404</b>